# Bygging Íþróttamiðstöðvar GKG

## Verkefnisstjórnarfundur 6 haldinn hjá GKG 2. nóvember 2015, kl. 10:00.

**Mættir:** Steingrímur Hauksson, Kópavogi, Agnar Már Jónsson, Eysteinn Haraldsson, Garðabæ og Kristinn Jörundsson GKG.

**Dagskrár fundarins:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkáætlun
3. Raun vs áætlun
4. Önnur mál

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir

**2. verkáætlun.**

Verið er að klára að setja glugga og hurðir í húsið. Á neðri hæð er búið að mála, byrjað að pípuleggja og setja stiga fyrir raflagnir. Kjarnabora þurfti fyrir lögnum á neðri hæð vegna galla í verkfræðiteikningum. Þá ákvað verktaki að taka niður einangrun og leiðara fyrir flísar og bræða tjöru í steypusamskeyti. Þetta er gert til að fyrirbyggja leka. Í ljósi þess er um vikutöf á verkinu en verktaki er bjartsýnn á að ná þeirri töf upp. Frávik eru eftirfarandi:

- Meiri klöpp en gert var ráð fyrir (3 milljónir)
- Ýmsir þættir (2,5 milljónir)
- Meira kambstál en gert er ráð fyrir í útboði (2 milljónir)
- Kjarnaborun á neðri hæð (óráðið)

Ofangreint er innan þess ramma sem áætlað var í frávik.

**3. Raun vs áætlun.**

Ekki eru nein teljandi frávik frá áætlunum. 46% af heildarkostnaðarverði hússins er útskuldaður og 53% af verkinu í heild sinni (sjá viðhengi 1).

**4. Önnur mál**

Búið er að ganga frá lánunum tveimur sem eru með veði í lánum frá sveitafélögnum. Gert er ráð fyrir því að GKG lánið sem er með veði í húseigninni verði tekið í desember. Eysteinn ætlaði að kanna með stöðu lóðaafmörkunina.

Fundinn ritaði AMJ.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Kostnaðaráætlun II

| Nr | Verkþáttur | Upphæð | Staða | Eftirstöðvar | % af á | % af v | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.0 | Framkvæmdakostnaður byggingar og nærsvæðis | 408.289.000 | 186.695.934 | 221.593.066 | 46% | 46% | |
| 2.0 | Fullnaðarfrágangur Bílastæða | 34.588.000 | 27.615.551 | 6.972.449 | 80% | 88% | -2.821.889 |
| 3.1 | Hönnun og umsjón | 39.657.858 | 39.169.909 | 487.949 | 99% | 90% | 3.477.837 |
| 3.2 | Opinber gjöld | 6.784.600 | 4.087.733 | 2.696.867 | 60% | 60% | |
| | **Kostnaðaráætlun II samtals** | **489.319.458** | **257.569.127** | **231.750.331** | **53%** | **53%** | **655.948** |

## Aðrir ótaldir liðir í kostnaðaráætlun II

| Nr | Verkþáttur | Upphæð | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4.7 | Flutningur á 18. flöt | 19.642.300 | 20.650.054 | -1.007.754 | 105% | 100% | 1.007.754 |
| 4.1 | 1. Húsgögn | 5.950.000 | 0 | 5.950.000 | 0% | 0% | |
| 4.2 | 2. Innréttingar,merkingar, gólfefni | 5.900.000 | 150.199 | 5.749.801 | 3% | 3% | |
| 4.3 | 3. Gluggatjöld/sólskermun | 500.000 | 0 | 500.000 | 0% | 0% | |
| 4.4 | 4. Tæki í eldhús innréttingar | 14.780.000 | 0 | 14.780.000 | 0% | 0% | |
| 4.5 | 4. Tæki í félagsaðstöðu og skrifstofur | 11.921.000 | 502.515 | 11.418.485 | 4% | 4% | |
| 4.6 | 5. Lyfta, tækjaherbergi, æfingatæki og aðstaða á neðri hæð | 39.000.000 | 5.543.484 | 33.456.516 | 14% | 14% | |
| 4.8 | 8. Bráðabirgðaaðstaða | 14.000.000 | 13.395.267 | 604.733 | 96% | 96% | |
| | **Aðrir ótaldir liðir** | **111.693.300** | **40.241.519** | **71.451.781** | **36%** | **36%** | **1.007.754** |
| | ***Samtals fyrir eigið framlag GKG*** | ***601.012.758*** | ***297.810.646*** | ***303.202.112*** | ***50%*** | ***50%*** | ***1.663.702*** |

## Eigið framlag GKG

| Nr | Verkþáttur | Upphæð | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5.1 | Bílastæði (efni, eigin vinna og sjálfboðaliðar) | 35.000.000 | 27.799.345 | 7.200.655 | 79% | 92% | -4.400.655 |
| 5.2 | Breytingar á fjarumhverfi (efni, eigin vinna og sjálfboðaliðar) | 15.000.000 | 20.684.155 | -5.684.155 | 138% | 92% | 6.884.155 |
| 5.3 | Frágangur á neðri hæð (efni, eigin vinna og sjálfboðaliðar) | 7.000.000 | | 7.000.000 | 0% | 0% | |
| 5.4 | Frágangur á eftir hæð (húsgögn, eigin vina og sjálfboðaliðar) | 3.000.000 | | 3.000.000 | 0% | 0% | |
| | **Samtals eigið framlag GKG** | **60.000.000** | **48.483.500** | **11.516.500** | **85%** | **81%** | **2.483.500** |
| | **Heildarkostnaður á Íþróttamiðstöð** | **661.012.758** | **346.294.146** | **314.718.612** | **53%** | **52%** | **4.147.202** |